

## **Ed.**

## **276. Breytingartillögur**

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

### **I. Frá Guðrúnu Lárusdóttir.**

Við 4. gr.

a. Á eftir „skólahús“ komi: barnahæli.

b. Á eftir „kirkjur“ komi: samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana.

### **II. Frá Páli Zóphóniassyni.**

Við 10. gr. Aftan við 2. málsg. bætist:

Ennfremur skal helmingur af útsvörum þeirra manna, sem taka laun sín úr ríkissjóði eða frá stofnunum, sem reknar eru af ríkinu, renna í jöfnunarsjóð.